

Heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla
203. mál þingsályktunartillaga 141. löggjafarþingi 2012—2013.

Rannsóknastofa um háskóla, Heimspekistofnun og Siðfræðistofnun
**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimspeki sem skyldufag
í grunn- og framhaldsskóla.**

Rannsóknastofa um háskóla, Heimspekistofnun og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands hafa í rúmt ár unnið að því verkefni að efla kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði í skólum. Heimspekikennsla á öllum skólastigum myndi augljóslega styðja þetta markmið ef vel er staðið að slíkri kennslu. Líklega gæti fátt gert meira til að styrkja skilyrði siðferðilegrar rökræðu í samfélaginu til lengri tíma litið.

Sá tími sem þingsályktunin gefur ráðherra til að innleiða breytinguna er mjög skynsamlegur, enda tekur þróun í kennslu og námsgagnagerð óhjákvæmilega vissan tíma. Heimspekistofnun og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands fara þess á leit að vera hafðar með í ráðum verði af þessari breytingu á aðalnámskrám. Þjálfun í gagnrýninni hugsun og efling siðferðilegrar dómgreindar með siðfræðikennslu verður að byggja á traustum fræðilegum grunni.

Hljóti þingsályktunin ekki hljómgrunn má benda á að í nýjum drögum að námskrám hefur heimspekilegri nálgun verið gefið aukið vægi.

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum í grunn- og framhaldsskólum stefna að því að tryggja getu nemenda til að vera virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Hvort sem heimspeki verður skyldufag eða ekki í íslenskum skólum er ljóst að stórefla þarf símenntunarmöguleika kennara í heimspeki á næstu misserum og árum í ljósi þeirra draga. Einnig er ljóst að nám í uppeldis- og kennslufræði þarf að taka tillit til nýrra heimspekilegra áherslna. Leyfum við okkur að mælast til þess að Alþingi feli mennta- og menningarmálaráðherra að sjá til þess að íslenskir kennarar geti bætt við þekkingu sína og leikni í gagnrýninni hugsun og siðfræði.

Fyrir hönd verkefnis um eflingu gagnrýninnar hugsunar og siðfræði í skólum,

Henry Alexander Henrysson